

Á R S S K Ý R S L A

K Ö R F U K N A T T L E I K S S A M B A N D S Í S L A N D S

1962

Á R S S K Ý R S L A

KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS

1962

1. fundur stjórnar K.K.Í. var haldinn þ. 15. nóv. og skipti þá stjórnin með sér verkum. Formaður Bogi Þorsteinsson, varaformaður Matthías Matthíasson, féhirðir Einar Ólafsson, bréfitari Magnús Björnsson, fundarritari Kristinn Jóhannsson, formaður útbreiðslunefndar Ásgeir Guðmundsson, formaður laganefndar Helgi V. Jónsson.

Alls hefir stjórnin haldið 39 bókaða fundi á árinu auk blaðamannafunda og kaffikvölds með körfuknattleiksmönnum, þar sem rætt var um fyrirhugaða landsliðsþjálfun. Halldór Sigurðsson, fyrsti varaformaður, mætti á öllum stjórnarfundum síðastliðinn vetur, en í sumar dvaldi hann erlendis. Snemma í september fluttist Kristinn Jóhannsson til Eskifjarðar og hætti þá störfum í stjórninni. Halldór Sigurðsson kom heim um svipað leyti, og tók hann þá sæti Kristins sem aðalmaður.

Afmælishátíð Í.S.Í.

Hópur pílta undir stjórn Helga Jóhannssonar sýndi körfuknattleik á afmælishátíð Í.S.Í., sem haldin var í Þjóðleikhúsinu, ennfremur sýndi hópur telpna undir stjórn Einars Ólafssonar. Sýningar þessar þóttu takast mjög vel og voru þær hlutaðeigandi til sóma.

Meistaramót Íslands í körfuknattleik.

Körfuknattleiksráði Reykjavíkur var falið að sjá um Meistaramót Íslands í körfuknattleik árið 1962, eins og að undanfögnu. Þátttakendur í mótinu voru frá eftirtöldum félögum:

- Í.R. meistaraflokkur, 1., 2., 3. og 4. fl. karla, 2. flokkur kvenna.
- K.F.R. meistaraflokkur, 1., 3. og 4. flokkur karla.
- ARMANN meistaraflokkur, 1., 2., 3. og 4. flokkur karla.
- K.R. meistaraflokkur, 2., 3. og 4. flokkur karla, K.R. tilkynnti lið til keppni í meistaraflokki kvenna, en þar sem ekki voru tilkynnt lið frá öðrum félögum, féll keppni niður.
- I.K.F. meistaraflokkur og 3. flokkur karla.
- Fimleikafélagið Björk, Hafnarfirði, 2. flokkur kvenna.

Íþróttafélag Reykjavíkur sigraði í öllum flokkum nema 2. flokki karla, en í þeim flokki sigraði Glímufélagið Ármann.

Ekki er hægt að birta úrslit einstakra leikja á mótinu, þar sem engar skýrslur um mótið hafa borizt frá K. K. R. R. Sama er að segja um önnur kórfuknattleiksmót, sem farið hafa fram á árinu. Samkv. lögum K. K. Í. ber sérráðum eða héraðssamböndum að senda stjórn K. K. Í. skýrslur um öll mót er fara fram í undæmi þeirra og skulu skýrslurnar sendar innan mánaðar eftir að mótinu lýkur. Ástæða virðist til að þingið samþykki refsiaðkvæði, er beita megi gegn þeim aðilum er trassa að senda mótaskýrslur.

Fjármál.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að fjárskortur hefur staðið allri starfsemi sambandsins mjög fyrir þrifum. Í samræmi við samþykktir síðasta ársþings K. K. Í., ákvað stjórnin að reyna nýjar leiðir til fjáröflunar. Ráðist var í að halda bingo í Háskólabíó á síðastliðnu vori. Svo illa tókst til, að tekjuhalli varð á bingóinu, sem nam tæpum 32.000,- kr.

Þar sem stjórn K. K. Í. sá fram á, að gífurleg útgjöld mundu verða í sambandi við þátttöku í Polar-Cup - keppninni í Stokkhólmi og þjálfun landsliðsins, þá ákvað stjórnin að reyna að afla fjár með bílahappdrætti. Gefnir voru út 4000 miðar að verðgildi 100 kr. hver, og skyldi vinningur vera Volkswagen eða Landrover - bifreið. Sala happdrættismiðanna hefir ekki gengið eins vel sem skyldi, og hafa allt of fáir sambandsaðilar sýnt þessu máli velvilja og skilning. K. K. Í. er nú stórskuldugt, og takist ekki skjótlega að afla fjár til þess að greiða þessar skuldir, þá hlýtur að draga mjög úr allri starfsemi sambandsins á næstu árum.

Polar-Cup undanrás í EM.

Á s. l. ári tók stjórn K. K. Í boði sænska kórfuknattleikssambandsins, um að senda lið til keppni á fyrsta Polar-Cup mótinu, sem halda átti í Stockhólmi í nóvember 1962. Jafnframt báru Svíar fram tillögu um að Polar-Cup keppnin væri látin gilda, sem meistarakeppni Norðurlanda.

Samþykkt var á kórfuknattleiksþinginu, sem fulltrúi K. K. Í. sótti í Casablanca haustið 1961, að svæðakeppni skyldi haldin um þau 4 sæti,

sem laus væru fyrir Evrópumeistaramótið í Póllandi 1963. Stjórn K. K. Í. skrifaði því F. I. B. A. og lagði til að Polar-Cup keppnin væri látin gilda sem undanrás í EM, þar sem ætla mætti vegna kostnaðar að sum liðin á Norðurlöndum, gætu annars ekki tekið þátt í undanrás EM. Framkvæmdastjórn F. I. B. A. samþykkti þetta sjónarmið stjórnar K. K. Í. og óðlast því sigurvegarinn í Polar-Cup keppninni, rétt til þátttöku í EM.

Þjálfun landsliðsins og undirbúningur undir utanför.

Þar sem þátttaka Íslands í Polar-Cup keppninni í Stockhólmi, mundi jafnframt verða fyrsta þátttaka íslenzkra kórfuknattleiksmanna í alþjóðamóti, þá þótti stjórn K. K. Í. að einskis mætti láta ófreistað, til að þjálfun landsliðsins mætti verða sem best. Var því horfið að því ráði að skrifa Upplýsingaþjónustu Bandaríkjanna, greina frá fjárhágs-erfiðleikum sambandsins, benda á þau verkefni, sem framundan væru og æskja aðstoðar með útvegum á þjálfara.

Viðbrögð Upplýsingaþjónustunnar voru hin vinsamlegustu, eins og vænta mátti og tóku þeir Mr. Carlson og Þórður Einarsson málið að sér. Árangur af starfi þeirra var sá, að hinn 2. maí s.l. kom hingað til lands Mr. John Wood, kórfuknattleiksþjálfari frá Wesleyan University í Connecticutríki í Bandaríkjunum. Ákveðið var að Mr. Wood starfaði hér á vegum sambandsins í 3 mánuði, eða til júlíloka. Upplýsingaþjónustan og utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna greiddu ferðakostnað og upphald fyrir Mr. Wood svo að dvöl hans hér var K. K. Í. að kostnaðarlausu. Fyrir þetta færir stjórn K. K. Í. hinar bestu þakkir, þeim aðilum, er hlut eiga að máli.

Þegar vitað var um komu Mr. Wood til Íslands, sendi stjórn K. K. Í. út umburðarbréf til allra sambandsaðila og bauð þjónustu Mr. Wood til að halda stutt kórfuknattleiksnámskeið hjá félagunum. Svar barst aðeins frá Vestmannaeyjum, en svo seint, að þá hafði verið gengið frá starfsskrá fyrir þjálfarann og hús tekið á leigu yfir allt tímabilið.

Ahugaleysi sambandsaðila á þessu máli, svo og á málefnum K. K. Í. yfir höfuð, er íslenzkum kórfuknattleik til stór skaða.

Stjórn K. K. Í. réðist í það stórvirki að taka á leigu íþróttahús Vals að Hlíðarenda. Hafði sambandið íþróttahúsið á leigu 4 stundir á dag í þá 3 mánuði, sem þjálfarinn starfaði hér. Kennslu var þannig

hagað, að frá 17.00 - 19.00 var námskeið fyrir unglinga 10 - 16 ára, en frá 20 til 22 fór fram kennsla fyrir eldri kórfuknattleiksmenn. Alls munu rúmlega 300 unglingar hafa sótt námskeiðin. Aðstoðarmaður Mr. Wood við unglíngakennsluna var Einar Ólafsson íþr.kennari.

Landsliðsnefnd K. K. Í. valdi 32 pílta til landsliðsæfinga undir stjórn Mr. Wood og Helga Jóhannssonar, landsliðsþjálfara. Ýmsar orsakir voru til þess að þessar æfingar voru ekki sóttar svo vel sem skyldi. Margir piltanna voru í sumaravinnu, með langan vinnudag, en aðrir stórfuðu fjarri Reykjavík og áttu óhægt með að sækja æfingar. Þetta var enn fremur fyrsta tilraunin með innanhússæfingar fyrir kórfuknattleiksmenn yfir sumarmánuðina og áttu margir erfitt með að setta sig við inniveruna í góðu veðri. Kom hér áttakanlega í ljós, að mikil þörf er á að eignast gott útiæfingasvæði fyrir kórfuknattleik.

Þrátt fyrir þessa erfiðleika munu um 15 - 16 piltar hafa sótt æfingar að staðaldri og fleiri, sem mættu óreglulega. Bar öllum saman um að Mr. Wood hefði verið afburða þjálfari og dvöl hans hér ómetanlegur styrkur fyrir íslenzkan kórfuknattleik.

Þegar Mr. Wood fór af landi burt í júlilok, tók Helgi Jóhannsson við þjálfuninni og var æft í Valshúsinu 2 kvöld í viku.

Í byrjun september skipaði stjórn K. K. Í. nýja landsliðsnefnd, þar sem fyrri nefndarmenn voru fjarverandi úr bænum og gátu ekki fylgst með æfingum. Nefndina skipuðu Einar Ólafsson, Ingi Gunnarsson og Helgi Jóhannsson. Nefndin valdi síðan 12 pílta í landslið til að verða fulltrúar Íslands á Polar-Cup keppninni. Þessir voru valdir: Birgir Örn Birgis og Davíð Helgason, báðir frá Glímufél. Ármann. Einar Matthíasson og Ólafur Thorlacius, báðir frá Kórfuknattleiksfélagi Reykjavíkur. Bjarni Jónsson frá Íþróttafélagi Keflavíkurflugvallar og þeir Þorsteinn Hallgrímsson, Guðmundur Þorsteinsson, Sigurður P. Gíslason, Sigurður E. Gíslason, Hólmsteinn Sigurðsson, Agnar Friðriks-son og Haukur Hannesson, allir frá Íþróttafélagi Reykjavíkur.

Liðið æfði í Valshúsinu tvisvar í viku til 1. okt., en þá var húsið ekki falt lengur og hefði liðið orðið á góttunni, ef Knattspyrnudeild K. R. hefði ekki hlaupið undir bagga og góðfúslega eftirlátið liðinu æfingartíma sína í K. R. -húsinu. Vill stjórn K. K. Í. sérstaklega þakka þessa greiðasemi.

Ennfremur má geta þess, að góð samvinna tókst við stjórn íþróttamála bandaríska flotans á Keflavíkurflugvelli og voru leiknir 2 æfingaleikir í viku þar syðra, frá miðjum ágústmánuði og allt þar til farið var utan. Var liðinu mikill styrkur af þessum leikjum, sem fram fóru við hin fullkomnustu skilyrði.

Landsleikir og utanför.

Þegar vitað var um á hvaða dögum Polar-Cup keppnin ætti að fara fram í Stokkhólmi, ákvað stjórn K. K. Í. að freista þess að fá landsleik í Skotlandi á leiðinni til Stokkhólms og átti þetta að vera nokkurs konar "prufuleikur" fyrir landsliðið. Skotar tóku vel erindi K. K. Í. og var ákveðið að landsleikur skyldi fara fram í Glasgow mánudaginn 29. október, eða sama dag og landsliðið hóf utanför sína.

Vegna óveðurs í Reykjavík og bilunar á flugvél Flugfélags Íslands h. f., seinkaði brottför landsliðsins um 10 klst. og varð því að aflýsa landsleiknum í Skotlandi.

Skotar lögðu mjög hart að fararstjórn landsliðsins með að fá liðið til að leika í Skotlandi á heimleið. Þar sem vitað var að Skotar höfðu lagt mikinn kostnað í undirbúning landsleiks þess, er fórst fyrir, þá sá fararstjórnin sér ekki fært að neita beiðni Skota, og var landsleikur ákveðinn föstudaginn 9. nóv.

Landsleikurinn við Skotland var háður í íþróttahúsi Bandaríkja-hers að Kirknewton, skammt frá Edinborg. Skotar sigruðu í þessum leik 59 : 52, en þess má geta að íslenska liðið var þreytt eftir erfiða keppnisför, og einn leikmanna, Sigurður P. Gíslason, hafði orðið að hverfa heim til Íslands, en Einar Matthíasson, sem verið hafði stiga-hæstur í Stokkhólmi, veiktist skömmu fyrir leikinn.

Ummæli skozkra blaða um íslenska liðið voru vinsamleg, og töldu þau að Íslendingar hefðu leikið betri kórfuknattleik, en ekki ráðið við líkamlega yfirburði skozka landsliðsins.

Þess má geta, að Skotar létu í ljós mikinn áhuga fyrir áframhaldi í viðskiptum við K. K. Í.

Stokkhólmur.

Landsliðið kom til Stokkhólms um kl. 20 á þriðjudagskvöld og var þá mættur á flugvöllinum Áke Nilsson, formaður sænska kórfu-

knattleikssambandsins til þess að taka á móti liðinu og fylgja því á Íþróttaskólann í Bosón, þar sem liðinu var búinn dvalarstaður. Þar voru hin ákjósanlegustu skilyrði til æfinga, og aðbúnaður allur Svíum til sæmdar.

Landsleikirnir fóru fram í Eriksdalshallen, og er sagt frá úrslitum hinna einstöku leikja á öðrum stað í skýrslunni.

Íþróttafréttamaður útvarpsins, Sigurður Sigurðsson og þeir blaðamennirnir Jón B. Pétursson og Atli Steinarsson fóru til Stokkhólms til að fylgjast með leikjum íslenzka landsliðsins. Er þetta í fyrsta skipti sem íslenzkir fréttamenn fylgja landsliði voru til útlanda. Er stjórn K. K. Í. þakklát þeim og öðrum fréttamönnum, er flytja þjóðinni fréttir af íslenzkum kórfuknattleik.

Íslenzka landsliðið hlaut 3. verðlaun á mótinu. Hlutu leikmenn brons heiðurspeninga, en K. K. Í. kristalsvasa að launum.

Kaupmannahöfn.

Á heimleið, þriðjudaginn 6. nóv. var leikinn æfingaleikur við úrvalslíð Æfterslægten og U.S.G. Fór leikurinn fram í Otto Mönstedhallen og sigraði landsliðið 45 : 39. Þeir Ólafur Thorlacius og Einar Matthíasson tóku ekki þátt í leiknum vegna smávægilegra meiðsla.

Norðurlandaráðstefna um kórfuknattleiksmál.

Í sambandi við Polar-Cup keppnina var haldin að tilhlutan sænska kórfuknattleikssambandsins, ráðstefna um kórfuknattleiksmál.

Fulltrúar Íslands voru þeir Bogi Þorsteinsson og Magnús Björnsson. Hvert samband hafði 2 atkvæði á ráðstefnunni, en auk þess voru mættir tveir áheyrnarfulltrúar frá Íþróttasambandi Noregs, en sérsamband er ekki til fyrir kórfuknattleik í Noregi.

Meðal þeirra mála er afgreidd voru á ráðstefnunni voru reglur fyrir Polar-Cup keppnina. Bikarinn vinnst til eignar af þeim aðila er fyrstur hlýtur 10 stig í keppninni. Sigurvegari á hverju móti hlýtur 3 stig, annar 2 stig og sá þriðji 1 stig.

Samþykkt var tillaga K. K. Í. um samnorræn þjálfara- og dómara-námskeið. Þar til þeim málum hefir verið hrint í framkvæmd, buðust Danir, Svíar og Finnar til að veita einum þátttakanda frá hvoru hinna

Norðurlandanna, ókeypis námsdvöl á þjálfara- og dómara námskeiðum er þeir halda.

Væntanlega sjá Íslenskir kórufuknattleiksmenn sér fært að taka þessu boði, en þjálfara og dómara skortur háir mjög framgangi kórufuknattleiks hér á landi.

LANDSLEIKIR ÍSLANDS Í KÖRFUKNATTLEIK

Ísland-Danmörk.

1. 1959 16/5 í Kaupmannahöfn (Otto Mönstedhallen) 49-52
2. 1961 3/4 í Kaupmannahöfn (Bellahøjhallen) 45-49 (20 - 28)
3. 1962 4/11 í Stokkhólmi (Eriksdalshallen) 60-41 (24 - 24)

Ísland-Svíþjóð.

1. 1961 2/4 í Næstved (Næstvedhallen) 45-53 (19 - 22)
2. 1962 2/11 í Stokkhólmi (Eriksdalshallen) 38-63 (21 - 32)

Ísland-Finnland.

1. 1962 3/11 í Stokkhólmi (Eriksdalshallen) 47-100 (27 - 47)

Ísland-Skotland.

1. 1962 9/11 í Kirknewton (U.S.A.E Gymnasium) 52-59 (22 - 30)

ÚRSLIT Í POLAR-CUP KEPPNINNI.

- | | | | | | |
|-------------|---|---|----------|-------------|---|
| 1. Finnland | 3 | 0 | 268-158, | stig í P.C. | 3 |
| 2. Svíþjóð | 2 | 1 | 178-155, | " " " | 2 |
| 3. Ísland | 1 | 2 | 145-204, | " " " | 1 |
| 4. Danmörk | 0 | 3 | 146-229, | " " " | 0 |

Stigahæstir einstaklingar í Polar-Cup.

1. Seppo Kuusela, F. 69
2. Hans Albertsson, S. 43
3. Timo Lampen, F. 40
4. Kari Liimo, F. 36
5. Einar Matthíasson, Í. 35
6. Þorsteinn Hallgrímsson, Í. .. 31

Árið 1964 verður Polar-Cup haldin í Finnlandi
" 1966 " " " " í Danmörku
" 1968 " " " " á Íslandi
" 1970 " " " " í Noregi (væntanlega):

Í upphafi Polar-Cup keppinnar höfðu leikmenn í landsliðunum leikið samanlagt þennan leikjafjölda:

Finnland	337
Svíþjóð	287
Danmörk	107
Ísland	15

Einstaklingar með flesta landsleiki að baki:

Lindholm, F.	93	Kuusela, F.	53
Lampen, F.	68	Törnblom, S.	53
Bo Widen, S.	64	Vartinen, F.	39
Staffan Widen, S.	64	Manninen, F.	23
		Houmann, D.	22

Birgir, Þorsteinn og Ólafur 3 leiki hvor.

Eftirtaldir aðilar hafa verið sæmdir oddfána K. K. Í. á árinu:

1. Framkvæmdastjórn Í.S.Í., vegna 50 ára afmælis Í.S.Í. 28/1 '62.
2. Kórfuknattleiksfélag Reykjavíkur í tilefni af 10 ára afmæli félagsins.
3. Kórfuknattleikslíð U.S.S. WASP í tilefni af leik við líð K. K. Í. að Hálogalandi 4. júní s.l.
4. Mr. John Wood, kórfuknattleikspjálfi, sem viðurkenning fyrir frábær störf á vegum K. K. Í. maí, júní og júlí 1962.
5. Landslið Svíþjóðar á Polar-Cup, 2/11 1962.
6. Landslið Finnlands á Polar-Cup, 3/11 1962.
7. Landslið Danmerkur á Polar-Cup, 4/11 1962.
8. Landslið Skotlands á landsleik í Kirknewton 10/11 1962.

Gjafir sem K. K. Í. hafa borizt á árinu.

1. Keppnisknöttur frá kórfuknattleikslíði U.S.S. WASP 4/6 1962.
2. 12 upphitunarpeysur á landsliðið frá John Wood kórfuknattleikspjálfi við Wesleyan University, Connecticut.

3. Keppnisskór á landsliðið frá Convers Rubber Co, U.S.A.
4. Oddfáni Kórfuknattleikssambands Finnlands 3/11.
5. Oddfáni Kórfuknattleikssambands Skotlands 10/11.
6. Verðlaunagripur frá Sjóvátryggingarfélagi Íslands, fyrir meistaraflokk karla á Íslandsmóti.
7. Verðlaunagripur frá Boga Þorsteinssyni, fyrir 4. fl. drengja.
8. Kórfuknettir 25 að tölu frá Upplýsingaþjónustu Bandaríkjanna.